



# 2022

Athugið flipann «*Greiðslur vegna jarðsetningar*» í bókunarkerfinu. Þar eru sýndar allar greiðslur frá KGSÍ til kirkjugarða frá árinu 2018.

## Upplýsingar um fjármál kirkjugarða.

Tekjukerfi kirkjugarða á Íslandi breyttist 1. janúar 2005. Frá þeim tíma hefur tvennt ráðið greiðslu til kirkjugarða:

a) **Umhirðugjald** (fermetrastærð grafarsvæða og fl. sjá neðar). **Umhirðugjald** er ekki áætlun heldur ákveðin krónutala sem greidd er á fermetra á grafarsvæðum. Þetta fermetragjald breytist samkvæmt þróun fjárlaga á milli ára. KGSÍ greiðir umhirðugjald mánaðarlega, þann 15. hvers mánaðar. Umhirðugjald er mismunandi hátt eftir flokkum enda eru mismunandi rekstrarþættir sem standa þar að baki. Í flokkum 1 – 3 er gjaldið nær eingöngu að standa straum af gróðurumhirðu en eftir því sem ofar dregur bætast fleiri rekstrarþættir inn, s.s. húsnæðiskostnaður, launagreiðslur, stjórnunarkostnaður o.fl. Orðið „*umhirðugjald*“ er að þessu leyti nokkuð villandi. Kannski væri „fastagjald“ nær lagi?

b) **Greftrunargjald** (grafartaka). **Greftrunargjald** er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt jarðsetninguna út í bókunarkerfi KGSÍ. KGSÍ greiðir til kirkjugarða 15. hvers mánaðar þær jarðsetningar sem fram fóru í mánuðinum á undan. **Fyrir 23. júlí 2020 greiddi KGSÍ þóknun presta beint án viðkomu í þeim kirkjugarði sem jarðsett var í. Lögum um kirkjugarða var breytt og nú greiða dánarbúin þjónustu presta við útfarir. Lagabreytingin tók gildi 23. júlí 2020.**

**Þeir sem ekki hafa fengið aðgang að bókunarkerfinu hafi samband við Arnfinn R. Einarsson í síma 585-2721 eða Smára Sigurðsson í síma 462-2613.**

## Árið 2022

Brúttóframlag ríkisins til kirkjugarða landsins fyrir árið 2021 er **kr. 1.312.400.000**.

Einingaverðin frá ráðuneytunum tóku breytingum innbyrðis í meðhöndlun stjórnar KGSÍ og kirkjugarðaráðs. Ákveðið var að leggja til hliðar 10 m.kr. sem varasjóð fyrir útlagðan kostnað sem fylgir útdeilingu á framlagi ríkisins, s.s. forritun, útreikningar, þjónusta endurskoðenda, vinna umsjónarmanns [www.gardur.is](http://www.gardur.is) o.fl. Þetta lækkar einingarverð greftrana frá fyrra ári. Einingaverð voru ákveðin á fundi kirkjugarðaráðs 10. febrúar 2022.

Taflan hér fyrir neðan sýnir hvernig framlag ríkisins árið 2022 skiptist á milli verkefna hjá kirkjugörðum landsins.

<b>Fjárlög 2022</b>	<b>1.312.400.000 kr.</b>	Brúttó	Nettó	Jöfnunarsjóður
		Samtals framlag að meðtöldu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals framlag að frádrægnu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals 8% gjald í kirkjugarðasjóð
Umhirða	Framlag vegna fastakostnaðar	1.049.920.000 kr.	965.926.400 kr.	83.993.600 kr.
Greftranir	Framlag vegna grafartöku	196.860.000 kr.	181.111.200 kr.	15.748.800 kr.
Bálstofan	Framlag vegna líkbrennslu	65.620.000 kr.	60.370.400 kr.	5.249.600 kr.
		<b>1.312.400.000 kr.</b>	<b>1.207.408.000 kr.</b>	<b>104.992.000 kr.</b>

### **Greiðslur til kirkjugarða frá KGSÍ í jan. og febr. 2022.**

**Umhirðan** hefur verið greidd skv. taxa 2021 í jan. og febr. og verður mismunur á einingaverði 2021 og 2022 greiddur 15. mars og síðan verður greitt skv. taxa 2022 út árið.

**Greftranir** (greitt eftirá) í des. voru greiddar 15. jan. á taxa 2021 sem er rétt og einnig 15. febr. (v/jan.). Febrúargreiðslu þarf að leiðrétta til þeirra garða sem voru með greftrun í jan. sl. með sérgreiðslu 15. mars.

**Bálstofan** fékk greitt skv. taxa 2021 vegna jan og febr og þarf einnig að færa taxtann yfir á árið 2022 og greiða mismun 15. mars og síðan verður greitt skv. taxa 2022 út árið.

**Ársreikningar kirkjugarða.** Gera skal grein fyrir tekjum og gjöldum á tímabilinu 1. janúar til 31. desember ár hvert. Samkvæmt fyrirmælum frá Ríkisendurskoðun þurfa kirkjugarðar að gera grein fyrir brúttóupphæð sem reiknuð er á hvern kirkjugarð og er framlag ríkisins. Er hér átt við að í ársreikningi sé gerð grein fyrir því sem hver kirkjugarður fær í umhirðugjald + greftrunargjald + framlag til kirkjugarðasjóðs (8% af heild 2021). Þetta má sjá í «Greiðslur vegna jarðsetningar» í bókunarkerfinu.

Komi greiðsla vegna greftrunar á nýliðnu ári inn á reikning kirkjugarðs eftir að búið er að ganga frá ársreikningi skal taka þá greiðslu með því ári sem greiðslan berst.

**Fjárhagsáætlun kirkjugarða 2022.** Þeir kirkjugarðar sem gera fjárhagsáætlun eða greiðsluáætlun geta séð föstu greiðslurnar (umhirðuna) á slóðinni: [www.gardur.is/2022](http://www.gardur.is/2022), bæði mánaðarlega og allt árið 2022. Einnig er hægt að sjá lista yfir flokkun kirkjugarða á slóðinni á sömu slóð.

Hér fyrir neðan eru nógildandi einingaverð grafartöku. Einingaverðin hækkuðu á milli áranna 2020 og 2021 sérstaklega eftir að lagabreytingin um afnám greiðsluskyldu til presta tók gildi 23. júlí 2020. Ástæðan var sú að kirkjugarðar héldu því framlagi sem áður fór til presta og forstöðumanna safnaða og lífsskoðunarfélaga. Nú þurfum við að lækka einingaverð greftrana vegna þess að grafarsjóðurinn var nær uppurinn í árslok 2021 eins og áður sagði. Kirkjugarðar ákvað að leggja til hliðar 10 m.kr. til að mæta þessum gjöldum.

## Útreikningur grafargjalds kirkjugarða árið 2022

Flokkar	Áætlaður fjöldi grafa	Grafargjald 2021	Grafargjald 2022 pr. gröf	Mismunur	Breyting
A <sup>1)</sup>	180	92.726	88.548	(4.178)	-4,5%
B <sup>2)</sup>	1.154	82.051	78.354	(3.697)	-4,5%
C <sup>3)</sup>	1.009	67.154	64.128	(3.026)	-4,5%
	2.344				

<sup>1)</sup> Flokkar kirkjugarða nr. 1 - 4

<sup>2)</sup> Flokkar kirkjugarða nr. 5 - 10

<sup>3)</sup> Duftgrafir

Flokkar	Áætlaður fjöldi grafa	Grafargjald 2022 á gröf	Grafargjald 2022
A <sup>1)</sup>	180	88.548	15.946.484
B <sup>2)</sup>	1.154	78.354	90.456.517
C <sup>3)</sup>	1.009	64.128	64.708.199
Smt.	2.344	73.012	171.111.200
		Í bið í grafarsjóði	10.000.000
			181.111.200

24. jan. 2022  
Reiknað: jfh

Þeir sem vilja fá nánari upplýsingar um fjármál kirkjugarða geta sent inn fyrirspurn á tölvupóstfangið [smari@kirkjugardur.is](mailto:smari@kirkjugardur.is) og henni verður svarað eftir bestu getu. Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 585-2700 (Helga, Margrét eða Arnfinnur) og í síma 462-2613 (Smári).

Reykjavík, í apríl 2022.

F.h. stjórnar KGSÍ,



Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður.